

Alþingi
Erindi nr. P 139/1737
komudagur 16.3.2011

Álit

**um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup
(heimild til útboðs erlendis).**

Frá fjárlaganefnd.

Vísað er til tölvuskeytis frá viðskiptanefnd dags. 2. mars 2011 þar sem nefndin beinir því til fjárlaganefndar að skoða hversu mikið sé hægt að spara hjá ríkinu verði 189. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup (heimild til útboðs erlendis), að lögum.

Nefndin hefur farið yfir málið og fengið á sinn fund Ólaf Reyni Guðmundsson frá Samtökum verslunar og þjónustu, Júlíus Ólafsson og Guðmund Inga Guðmundsson frá Ríkiskaupum, Sigurð G. Halldórsson frá Samtökum iðnaðarins, Þórdísi Bjarnadóttur frá Viðskiptaráði Íslands, Egil Tryggvason frá fjármálaráðuneyti og Bjarna B. Arthúrssen og Gunnar Alexander Ólafsson frá velferðarráðuneyti.

Nefndin telur að ekki sé unnt að veita nákvæmar upplýsingar um hve mikið kunni að sparast hjá ríkissjóði verði frumvarpið að lögum nema unnar verði greiningar á málinu sem ekki er tími til að vinna innan þess tímaramma sem veittur er. Þó telur nefndin líkur á að frumvarpið hafi í för með sér sparnað hjá ríkissjóði verði það afgreitt sem lög frá Alþingi þar sem gera megí ráð fyrir að betri kjör fáiast í samstarfi við erlenda aðila.

Alþingi, 16. mars. 2011.

Björn Valur Gíslason,
Ásbjörn Óttarsson,
Björgvin G. Sigurðsson,
Kristján Þór Júlíusson,
Sigmundur Ernir Rúnarsson,
Skúli Helgason.